Fullgild rafræn undirskrift
EYJÓLFUR ÁRMANNSSON
2026-10-05 10:42:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐNI GEIR EINARSSON
2026-10-05 11:59:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐMUNDUR BJÖRGVIN HELGASON
2026-10-06 07:54:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
INGILÍN KRISTMANNSDÓTTIR
2026-10-06 11:45:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ársreikningur 2025

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
kt. 480676-0179

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Staðfesting ársreiknings

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfaði á reikningsárinu 2025 á grundvelli III. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Frá og með 1. janúar 2026 hefur sjóðurinn starfað samkvæmt 23. gr. laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Samkvæmt 20. gr. laganna um sjóðinn fer innviðaráðherra með yfirstjórn sjóðsins og er hann í vörslu ráðuneytisins. Samkvæmt 21. gr. laganna skal árlega semja ársreikning sjóðsins, sem Ríkisendurskoðun endurskoðar.

Hlutverk sjóðsins samkvæmt 1. gr. laganna, er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Sjóðurinn greiðir jafnframt önnur framlög til sveitarfélaga, samtaka og stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Ársreikningurinn er gerður á rekstrargrunni og reikningsskilaaðferðir eru í meginatriðum þær sömu og árið áður.

Tekjur sjóðsins námu 100.740,6 m.kr. árið 2025, samanborið við 89.705,7 m.kr. árið 2024. Tekjur hækkuðu því um 11.034,9 m.kr., eða 12,3%. Lögbundið framlag ríkissjóðs nam 35.652,6 m.kr., framlag sveitarfélaga 60.321,7 m.kr. og önnur framlög úr ríkissjóði námu 4.672,6 m.kr. og framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs námu 93,7 m.kr.

Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði nam 576,1 m.kr. og hreinar fjármagnstekjur 486,0 m.kr. Jákvæð afkoma ársins nemur 1.062,2 m.kr., samanborið við 266,8 m.kr. halla árið áður. Afkoma ársins er færð á höfuðstól sjóðsins.

Í árslok námu eignir sjóðsins 8.277,8 m.kr., þar af nam handbært fé 2.038,6 m.kr. Skuldir námu 6.888,4 m.kr. og eigið fé 1.389,3 m.kr., samanborið við 327,1 m.kr. í árslok 2024.

Athygli er vakin á ítarlegri umfjöllun í ársskýrslu sjóðsins um þær breytingar sem gerðar voru á sjóðnum með gildistöku laga nr. 56/2025 1. janúar 2026.

Innviðaráðherra, ráðuneytisstjóri og forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2026

Undirritað rafrænt

Eyjólfur Ármannsson

innviðaráðherra

Undirritað rafrænt

Ingilín Kristmannsdóttir

Ráðuneytisstjóri

Guðni Geir Einarsson

Forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til innviðaráðherra

Álit

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu ráðherra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2025, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af ársskýrslu sjóðsins en innihalda ekki ársreikning sjóðsins og áritun Ríkisendurskoðunar á ársreikninginn. Álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum nær ekki til þessara annarra upplýsinga og við látum ekki í ljós álit af nokkru tagi á þeim upplýsingum. Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa yfir þessar upplýsingar og íhuga hvort þessar aðrar upplýsingar stangast verulega á við ársreikninginn eða aðra vitneskju sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðist á einhvern annan hátt vera verulega rangfært. Ef, á grundvelli þessa, við komumst að þeirri niðurstöðu að það séu verulegar rangfærslur í þessum öðrum upplýsingum, ber okkur að upplýsa um það. Við höfum ekkert að upplýsa í þessu sambandi.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa sjóðinn upp.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórnendur sjóðsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun 2026

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

(undirritað rafrænt)

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Tekjur			
Framlag ríkissjóðs	1	35.652.617	30.290.647
Framlag sveitarfélaga	2	60.321.697	55.119.753
Önnur framlög	3	4.766.310	4.295.315
Tekjur alls		100.740.625	89.705.716
Framlög			
Bundin framlög	4	1.293.538	1.147.117
Sérstök framlög	5	15.404.317	12.247.761
Jöfnunarframlög	6	18.800.000	17.449.262
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	7	20.750.373	18.878.141
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk	8	43.665.239	40.502.083
Framlög alls		99.913.466	90.224.364
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	9	12.831	10.170
Annar rekstrarkostnaður	10	238.186	192.002
Rekstrarkostnaður samtals		251.016	202.172
Framlög og gjöld alls		100.164.482	90.426.536
Rekstrargjöld/tekjur		576.142	(720.820)
Fjármagnstekjur/gjöld	11	486.047	453.974
Afkoma ársins	16	1.062.189	(266.846)

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Veltufjármunir:			
Sveitarfélög, staða	12	5.111.912	4.779.915
Ríkissjóður, vegna framlaga	13	1.063.409	0
Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla	14	61.973	45.190
Aðrar skammtímakröfur	15	1.845	115.218
Skammtímakröfur samtals		6.239.138	4.940.323
Handbært fé:			
Bankareikningar		2.038.623	3.550.113
Eignir alls		8.277.761	8.490.436

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll	16	1.389.339	327.150
Skammtímaskuldir:			
Ríkissjóður, vegna framlaga	13	0	1.492.033
Ríkissjóður, aðrar skuldir		0	64.692
Sveitarfélög og aðrar skuldir	17	5.618.799	6.126.812
Önnur framlög, greiðslustaða	18	1.269.622	479.749
Skammtímaskuldir samtals		6.888.422	8.163.286
Skuldir samtals		6.888.422	8.163.286
Skuldir og eigið fé alls		8.277.761	8.490.436

Sjóðstreymi árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar:			
Veltufé frá rekstri			
Tekjuafkoma samkv. rekstrarreikningi		1.062.189	(266.846)
Veltufé frá rekstri		1.062.189	(266.846)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)		(1.298.814)	(617.702)
Skammtímaskuldir hækkun/(lækkun)		(1.274.865)	(1.298.327)
		(2.573.679)	(1.916.029)
Handbært fé til rekstrar / frá rekstri		(1.511.490)	(2.182.875)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Breyting á stöðu við ríkissjóð			
Framlag ríkissjóðs		(35.652.617)	(30.290.647)
Greitt úr ríkissjóði		35.652.617	33.153.835
		0	2.863.188
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé		(1.511.490)	680.313
Handbært fé í ársbyrjun		3.550.113	2.869.800
Handbært fé í árslok		2.038.623	3.550.113

Skýringar

Starfsemi

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga gilda lög nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitafélaga. Sjóðurinn er í vörslu innviðaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og laga um ársreikninga nr. 3/2006. Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og eru reikningsskilareglur í meginatriðum hliðstæðar og árið á undan.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innistæða á bankareikningum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Þjónustusamningur við innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður hefur gert samning við innviðaráðuneytið um þjónustu og aðstöðu hjá ráðuneytinu. Núgildandi samningur er frá 31. janúar 2018.

Bókhald

Samningur var gerður við Fjársýslu ríkisins árið 2016 um að annast allt bókhald fyrir Jöfnunarsjóð, bókun reikninga og framlaga til sveitarfélaga og annarra ásamt því að sjá um allar greiðslur fyrir sjóðinn, afstemmingar, uppgjör og skil á uppgjörum og öðru til sveitarfélaga.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á, er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Skýringar

Tekjur:

1 Framlag ríkisins

Reiknað framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er 2,036% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs auk 0,264% af álagningarstofni útsvars síðasta tekjuárs.

	2025	2024
Hlutur Jöfnunarsjóðs í innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og Útsvarsstofni sveitarfélaga	33.270.417	29.188.147
Viðbótarframlög frá ríkissjóði	2.382.200	1.102.500
Samtals	35.652.617	30.290.647

2 Framlag sveitarfélaga

Framlag sveitarfélaga er ákveðin hlutdeild af útsvarsstofni.

0,77% af útsvarsstofni - staðgreiðsla	21.109.230	19.204.620
1,44% af útsvarsstofni - staðgreiðsla	39.212.468	35.915.134
Samtals	60.321.697	55.119.753

3 Önnur framlög

Framlög frá mennta- og barnamálaráðuneyti vegna tónlistarfræðslu	776.304	748.400
Framlög frá félags- og vinnum.rn. vegna NPA og lengdrar viðveru	0	1.504.000
Ríkisframlag vegna skólamáltíða	3.896.300	1.725.000
Framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	93.706	317.915
Samtals	4.766.310	4.295.315

Gjöld:

4 Bundin framlög

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir bundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga. Framlögin eru samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 4. gr. laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitafélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga	789.218	701.181
Landshlutasamtök	445.550	387.928
Umsjónarnefnd eftirlauna	353	449
Húsafriðunarsjóður	58.417	57.559
Samtals	1.293.538	1.147.117

Skýringar

5 Sérstök framlög

Til sérstakra framlaga teljast framlög til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi og rekstri þeirra. Framlögin eru samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 5. gr. laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitafélaga.

	2025	2024
Sameining sveitarfélaga	878.203	1.210.983
Framlög vegna samþættingar	1.067.100	1.078.000
Framlög vegna fjárhagserfiðleika	625.373	0
Framlög til framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum	32.184	23.596
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v/fasteignaskatts	7.963.265	7.146.800
Framlög vegna gjaldfrjálsar skólamáltíðir	3.896.300	1.725.000
Framlög til sérstakra verkefna	165.587	314.981
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu	776.304	748.400
Samtals	15.404.317	12.247.761

6 Jöfnunarframlög

Jöfnunarframlög skiptast í tekjujöfnunarframlög til að jafna tekjur sveitarfélaga miðað við að þau hafi fullnýtt tekjustofna sína og útgjaldajöfnunarframlög til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga að teknu tilliti til stærðarhagkvæmni og tekna þeirra. Framlögin eru samkvæmt 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 7-9. gr. laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitafélaga.

Tekjujöfnunarframlög	1.400.000	1.400.000
Útgjaldajöfnunarframlög	17.400.000	16.049.262
Samtals	18.800.000	17.449.262

7 Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla á grundvelli 10. gr. laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Almenn framlög	15.645.879	14.259.852
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	3.808.268	3.515.578
Framlög vegna nýbúafræðslu	1.095.886	899.586
Skólabúðir að Reykjum	99.057	84.091
Önnur framlög	101.284	119.035
Samtals	20.750.373	18.878.141

Skýringar

8 Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk eru samkvæmt reglugerð nr. 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

	2025	2024
Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk	40.700.836	37.495.298
Framlög vegna breytingakostnaðar	504.937	439.608
Framlög vegna NPA	1.912.500	2.125.700
Framlög vegna lengdrar viðveru	240.000	221.000
Stofnkostnaðarframlög v/málefna fatlaðs fólks	306.966	220.476
	43.665.239	40.502.083

9 Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður fastra starfsmanna sjóðsins er innifalinn í þjónustusamningnum við innviðaráðuneytið. Laun og launatengd gjöld nefndarmanna í ráðgjafarnefndinni eru færð hér.

Nefndar- og stjórnarlaun	8.778	8.444
Launatengd gjöld	4.053	1.726
Samtals	12.831	10.170

10 Annar rekstrarkostnaður

Bókhaldsþjónusta	21.048	19.788
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	19.158	36.344
Funda- og ferðakostnaður	7.191	9.628
Þjónustusamningur við innviðaráðuneytið	139.850	127.202
Ýmis kostnaður	50.938	(960)
Samtals	238.186	192.002

11 Hreinar fjármunatekjur

Vaxtagjöld	(7)	(21)
Vaxtatekjur	623.147	582.044
Fjármagnstekjuskattur	(137.092)	(128.050)
Samtals	486.047	453.974

Skýringar

12 Staða við sveitarfélögin v/óinnh. staðgreiðslu

Í lok árs 2025 nam krafa Jöfnunarsjóðs á sveitarfélögin vegna hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu launa í desember 5.111,9 m.kr. samanborið við 4.779,9 m.kr. árið áður.

	2025	2024
Sveitarfélög v/hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu.....	5.111.912	4.779.915
Samtals	5.111.912	4.779.915

13 Ríkissjóður, vegna lögbundinna framlaga

Staða við ríkissjóð:

Fjárlög ársins, lögbundið framlag.....	32.207.008	30.680.300
Fjáraukalög ársins, lögbundið framlag.....	0	0
	32.207.008	30.680.300
Framlög ríkissjóðs:		
2,036% af innheimtum skatttekjum.....	25.723.097	23.743.521
0,264% af álagningarstofni útsvars.....	6.822.583	6.276.635
Leiðrétting, endurskoðað framlag.....	724.737	(832.008)
Ríkissjóður, lögbundin framlög samtals	33.270.417	29.188.148
Ríkissjóður, vegna framlaga	1.063.409	(1.492.152)
Ógreitt af fjárlögum ársins um áramót.....	0	119
Nettó (skuld)/krafa á ríkissjóð	1.063.409	(1.492.033)

14 Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla

Í árslok 2025 átti Jöfnunarsjóður inni hjá ríkissjóði 61,9 m.kr. vegna innheimtu á staðgreiðslu miðað við 45,2 m.kr. árið áður.

Ríkissjóður v/hlutdeildar í innheimtri staðgreiðslu.....	61.973	45.190
Samtals	61.973	45.190

Skýringar

15 Aðrar skammtímakröfur	2025	2024
Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs, staða	0	110.182
Annað	1.845	5.035
	1.845	115.218

16 Eigið fé		
Höfuðstóll 1/1	327.150	593.996
Afkoma ársins	1.062.189	(266.846)
Höfuðstóll 31/12	1.389.339	327.150

17 Sveitarfélög og aðrar skuldir		
Framlög vegna yfirfærslu grunnskólans	2.203.839	2.106.278
Framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra	3.039.296	3.706.801
Ýmsar skuldir	375.664	313.733
Samtals	5.618.799	6.126.812

18 Önnur framlög, greiðslustaða		
Almenn jöfnunarframlög vegna grunnskóla	393.827	130.757
Framlög vegna fasteignaskatts	142.240	(4.489)
Ógreidd framlög til eflingar tónlistarfræðslu	108	108
Ógreidd framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða	23.093	20.233
Almenn jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk	(307.111)	(381.304)
Ógreidd framlög vegna NPA	1.017.464	714.443
Samtals	1.269.622	479.749

Skýringar

19 Fimm ára yfirlit í m.kr. á verðlagi hvers árs

	2025	2024	2023	2022	2021
Rekstur					
Rekstrartekjur	100.741	89.706	78.187	64.526	55.500
Rekstrargjöld	(100.164)	(90.427)	(79.463)	(64.030)	(55.696)
Fjármunatekjur/(gjöld)	486	454	441	216	76
Afkoma ársins	1.062	(267)	(835)	712	(120)
Efnahagur					
Veltufjármunir	8.278	8.490	8.564	8.721	6.884
Eignir alls	8.278	8.490	8.564	8.721	6.884
Eigið fé	1.389	327	594	1.430	717
Skammtímaskuldir	6.888	8.163	7.970	7.291	6.167
Eigið fé og skuldir alls	8.278	8.490	8.564	8.721	6.884